

Strákaskömm

Um áratuga skeið hefur samfélagið lagt fæð á karlmenn og drengi. Inntak þulunnar hefur varla farið fram hjá ungviðinu. Drengir læra, að þeir sér ofbeldisfullir kúgarar stúlkna, og stúlkurnar, að þær séu ábyrgðarlaus fórnarlömb. Foreldrar, ömmur og afar almennt láta þennan meinlega og óheillavænlega áróður sem vind um eyru þjóta.

Þó ekki allir. Í Ástralíu stofnuðu „Mæður sona“ (Mothers of Sons) með sér félagsskap til að andæfa þeirri fæð, sem samfélagið – skólinn ekki síst – leggur á strákhvolpana. Hjalögð er krækja á innihaldsríka mynd um herferð samtakanna gegn smánun stráka í skólanum. Herferðinni er lýst í samtali hinnar óþreytandi skynsemiskonu og kynfræðings, Bettina Arndt (f. 1949), og talsmanns samtakanna, blaðamanninum Prudence Gai MacSween (f. 1952).

Þær stöllum koma víða við. Þær eiga viðtöl við geðlækninn, Tanveer Ahemed (f. 1975), sem rekinn var frá samtökum kvenfrelsunarkarla, Hvíta borðanum (White Ribbon), vegna skorts á trúmennsku við rétttrúnaðinn; kennarann, Christopher Vogel, sem skrifaði mastersritgerð um kvenréttið í einni af jafnréttisáætlunum stjórnvalda; stjórn mála- og þingmanninn Mark Latham (f. 1961), sem barist hefur gegn strákasmánun og Phillip Bligh, talsmann frumbyggja, sem gert hefur alvarlegar athugasemdir við rangfærslur Hvíta borðans um ofbeldi kynjanna meðal frumbyggja. Auk þess er getið hins merka baráttumanns fyrir heillum barna, félagsráðgjafans Frida Briggs (1930-2016), sem fyrir margt löngu benti á þá ósvinnu, sem ætti sér stað gagnvart piltum. Saga kennara nokkurs um æsku í ranni uppeldisfullrar móður er átakanleg.

Sömuleiðis er stuttlega gerð grein fyrir áhugaverðum rannsóknum á heimilisofbeldi og ofbeldi kynjanna, annars vegar frá Áströlsku afbrotamálastofnuninni (Australian Institute of Criminology), sem sálfræðingurinn, David Indermaur, stóð fyrir, og hins vegar „Skýrslu um þekkingu á ofbeldi lífsförunauta“ (The Partner Abuse State of Knowledge Report; sjá: Journal of Partner Abuse 2012 og domesticviolenceresearch.org), sem er stærsti gagnagrunnur veraldar um heimilisofbeldi. Í þessu sambandi bregður kanadíska afbrotasálfræðingnum og geðlækninum, Tonia Nicholls fyrir, en hún hefur gert myndband um niðurstöðurnar (The uncomfortable facts on IPV).

Þróunin í Ástralíu gæti verið eins konar framtíðarspegill fyrir íslenska skólakerfið. Þar eins og hér er kvenfrelsunaráróðurfólki boðið í skólana undir því yfirvarpi, að vilja kenna jafnrétti eða ofbeldisvarnir. Í fræðslumyndbandi einu frá yfirvöldum á Íslandi er t.d. fimm mjúkrödduðum konum úr barnavernd, lögreglu og dómskerfi, falið að leiða fórnarlömb kynferðisofbeldis á barnsaldri (stúlkum) um refilstigu kerfisins. Kvenlögreglu maður kennir börnunum um hættu þá, er af körlum stafar.

Áhugamönnum um ofbeldi karla og feðra er boðið að halda fyrirlestra. Boðskapur, fluttur í einum þeirra, var sá, að banna ætti feðrum að skipta um bleyju á dætrum sínum við þriggja ára aldur, því þá ykist hætta á kynferðislegri misnotkun. Eftir því, sem ég best veit, eru íslenskir skólastrákar þó ekki látnir einstaklingsbundið eða í kór sverja kvenhollustu og fara með þulu um syndaaflausn fyrir það eitt að vera karlkyns. Þetta má sjá á myndbandinu.

Námsefni, bæði í skólakerfinu og í æðri menntastofnunum, er markvisst sniðið að kvenfrelsunarhugmyndafræðinni eins og fram kemur greinilega í orðum Christopher. Þar er lögð áhersla á ofbeldi karla gegn konum annars vegar og sakleysi kvenna og stúlkna hins vegar. Nær öll tiltekin dæmi sýna misþyrmingar á konum. Drengir eru meira að segja ávarpaðir sem „hvítir karlkúgarar.“ Þetta hlýtur að vera gullkista nefndar Lilju Alfreðsdóttur um tilhögun kennslu í kvenfrelsunarjafnréttisfræðum í íslenska skólakerfinu.

Nefndar rannsóknir sýna enn sem fyrr þá meginniðurstöðu, að kynin séu í engu eftirbátar hvors annars í ofbeldislistinni. Þó eru vísbendingar um, að frumbyggjakonur séu meðal alofbeldisfyllstu kvenna og tvöfalt ýgari en frumbyggjakarlar. Í tuttugu ára gamalli rannsókn David voru börn innt eftir (líkamlegu) ofbeldi foreldra. Þar var óverulegur á; 22.1% höfðu orðið vitni að ofbeldi af hálfu móður gegn föður, en 23.4% á hinn veginn.

Í skrifum sínum um rannsóknina segir Bettina m.a.: „Ályktunin er sú, að þaggað er niður í öllum litlu börnunum, sem búa við ofbeldi af hálfu mæðra sinna. Hvernig ættu þau að ljóstra upp [um ofbeldið], þegar það er látið í þagnargildi og boðskapurinn segir skýrum stöfum; við viljum ekki vita [af því].“

Að síðustu: Ætli íslenskir foreldrar, afar og ömmur, fari að dæmi þeirra „undir niðri“ (down under)?

<https://www.youtube.com/watch?v=GFAu21i91RE>